## Hvað er húðsýking?

Húðsýking er sýking í ystu eða dýpri lögum húðarinnar. Hún lýsir sér gjarnan með staðbundnum roða, verk, bólgu og hita. Byrjunareinkenni geta samrýmst flensueinkennum með hita, hrolli og slappleika.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ
ÁGÚST 2015

HÖFUNDUR OG UMSJÓN:
BERGLIND GUÐRÚN CHU

ÁBYRGÐARMAÐUR:
BERGLIND GUÐRÚN CHU

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC



LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

GÖNGUDEILD A3

# Göngudeild húðsýkinga

## fyrir sjúklinga með húðsýkingar og fjölskyldur þeirra



**Upplýsingar fyrir sjúkling og fjölskyldu**

## Fyrir skjólstæðinga

Markmið starfseminnar er að stuðla að betri líðan sjúklinga með húðsýkingar, koma í veg fyrir frekari sýkingar og stuðla að því að sjúklingar geti tekist á við sýkingu á árangursríkan hátt heima.

Hjúkrunarfræðingur veitir sjúklingum og fjölskyldum þeirra stuðning og eftirfylgni. Boðið er upp á viðtöl í gegnum síma eða komur á göngudeild allt eftir óskum og getu hvers og eins.

Stuðningurinn felst í að veita fræðslu og gefa upplýsingar um eðli húðsýkinga, meðferð og hvernig hægt er að koma í veg fyrir endurteknar sýkingar. Aðstoða sjúkling við að fylgja meðferð og auðvelda aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

**Bókun símaviðtala við sérfræðing í hjúkrun sjúklinga með húðsýkingar er í síma 543 6040 milli 8-16 virka daga**

## Hjúkrun sjúklinga með húðsýkingar

- **Göngudeild húðsýkinga** 543 6040
  (Berglind Chu sérfræðingur í hjúkrun)
- **Göngudeild smitsjúkdóma** 543 6040
- **Smitsjúkdómadeild A7** 543 1000

- **Landspítali** 543 1000
- **Læknavaktin** 1770
- **Sjúkrabíll** 112

## Fræðsla fyrir sjúklinga

Fræðsluefni um ýmsa sjúkdóma, rannsóknir og meðferðir má finna á **www.landspitali.is** (undir sjúklingafræðsla). Þar er t.d. bæklingurinn Húðsýking: upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur.

## Göngudeildin er starfrækt alla fimmtudaga frá kl 12-16

Skilaboð